

Nova Klúbburinn birtir uppgjör 4ja ársfjórðungs

Helstu niðurstöður á fjórða ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.354 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 samanborið við 3.262 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári sem skilar 2,8% heildar tekjuvexti á fjórðungnum milli ára.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.345 m.kr. og vaxa um 191 m.kr. sem er 8,9% vöxtur á milli ára. Vörusölutekjur námu samtals 643 m.kr. og dragast saman um 148 m.kr. sem er 18,7% lækkun á milli ára.
- EBITDA nam 978 m.kr. samanborið við 817 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 19,7% á milli ára, EBITDA hlutfallið var 29,2% á fjórðungnum samanborið við 25,1% á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 426 m.kr. samanborið við 256 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 66,3% milli ára.
- Hagnaður tímabilsins var 175 m.kr. og hækkar um 120 milljónir.
- Veltufé frá rekstri á fjórðungnum er 979 m.kr. samanborið við 959 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.
- Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir í lok tímabilsins námu samtals 11.492 m.kr. í lok tímabilsins og hafa lækkað um samtals 3.484 m.kr. frá áramótum.
- Hrein fjármagnsgjöld eru 208 m.kr. á tímabilinu og hækka um 25 m.kr. á milli ára. Hækkunin skýrist m.a. af hærri stöðu leiguskuldbindinga frá fyrra ári, hærri vöxtum á markaði m.v. fyrra ár sem og mikilli verðbólgu á tímabilinu.
- Heildarfjárfestingar ársins 2022 námu 1.860 m.kr.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 39,8% í lok fjórðungsins og eigið fé nam 9.058 m.kr.
- 54 bæjarfélög með yfir 500 íbúa og sumarbústaðasvæði utan höfuðborgarsvæðisins eru nú tengd 5G með samtals 112 sendum. 80% bæjarfélaga voru fyrir 5G með lítinn eða engan aðgang að ljósleiðara.
- Nova er fyrsta fjarskiptafyrirtækið til að innleiða VoWiFi á Íslandi.
- Viðskiptavinir Nova eru ánægðustu viðskiptavinirnir með heimanet og farsíma, 14. árið í röð. Fjölgun viðskiptavina á dansgólfinu, söluaukning og minnkun á brottfalli endurspeglar ánægjuna.

Samanburðartölur ársins 2021 hafa verið leiðréttar fyrir einskiptistekjum vegna sölu á óvirkum innviðum að upphæð 899 m.kr, kostnaði upp á 31 m.kr. sem kom til af sölu óvirkra innviða sem og tekjum upp á 250 m.kr. vegna sölu hlutdeildarfélags.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:

„Stærsti skemmtistaður í heimi heldur áfram að stækka, og þannig viljum við einmitt hafa það. Viðskiptavinum okkar heldur áfram að fjölga og þjónustan okkar er að þróast með þeim. Það sést greinilega í rekstraruppgjörinu og við stefnum áfram á að stækka dansgólfið. Á sama tíma fjárfestum við áfram í virkum innviðum sem mun hjálpa okkur að halda áfram að bæta þjónustu, auka gæði og bjóða nýjungar til okkar viðskiptavina. Nova er fyrsta fjarskiptafyrirtækið til að innleiða VoWiFi á Íslandi og við höldum áfram að ryðja brautina og viljum vera fyrst með nýjungar. Nú er hægt að koma fljúgandi farsímasambandi í alla króka og kima, kjallara, bílskúra, sumarhús, jarðhýsi, skip, flugvélar og geimflaugar í gegnum WiFi.



Nova liðið er lykillinn að öllum árangri félagsins. Við trúum því að með því að hlúa að ánægju starfsfólks og viðskiptavina og bjóða besta dílinn þá munum við vaxa og dafna í excelnum sem er það sem raungerðist á árinu 2022 og allt samkvæmt áætlunum okkar. Það gefur okkur aukinn kraft til þess að gera betur og læra ný dansspor sem nýtast í framtíðinni.”


Helstu niðurstöður í rekstri ársins 2022:

Tekjur

	4F 2022	4F 2021*	Breyting	%	2022	2021*	Breyting	%
FlakkNet	1.505	1.382	123	8,9%	5.840	5.326	514	9,6%
FastNet	840	772	68	8,8%	3.270	2.956	313	10,6%
Vörusala	643	791	-148	-18,7%	2.220	2.638	-419	-15,9%
Aðrar tekjur*	366	317	49	15,5%	1.312	1.162	150	12,9%
Heildar rekstrartekjur	3.354	3.262	92	2,8%	12.641	12.083	558	4,6%

* Leiðrétt fyrir einskiptistekjum að upphæð 899 m.kr á árinu 2021 sem komu til vegna sölu óvirkra innviða

Heildartekjur ársins hækkuðu um 4,6% frá fyrra ári og námu samtals 12.641 m.kr. Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 9.110 m.kr. og vaxa um samtals 827 m.kr. sem er 10,0% vöxtur á milli ára. Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af góðri fjölgun viðskiptavina bæði í farsíma- og netþjónustu sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Vörusölutekjur ársins námu samtals 2.220 m.kr. og dragast saman um 419 m.kr. sem er 15,9% lækkun á milli ára, þessi samdráttur kemur í kjölfar mikillar söluaukningar á fyrra ári og aukinnar ferðamennsku Íslendinga erlendis á núverandi ári. Aðrar tekjur nema samtals 1.312 m.kr. á árinu og vaxa um 150 m.kr. sem er 12,9% hækkun á milli ára, sú hækkun kemur til vegna vaxtar ýmissa liða svo sem auknum tekjum af heildsölu og samrekstri.



Nánari skýringar um tekjuflokka má finna aftast í þessu skjali.

Rekstrarreikningur

	4F 2022	4F 2021*	Breyting	%	2022	2021*	Breyting	%
Heildar rekstrartekjur	3.354	3.262	92	2,8%	12.641	12.083	558	4,6%
Kostnaðarverð seldra vara	1.738	1.691	47	2,8%	6.458	6.486	-28	-0,4%
Laun og launatengd gjöld	476	602	-126	-20,9%	1.710	1.728	-18	-1,1%
Annar rekstrarkostnaður	162	152	10	6,3%	837	669	168	25,1%
Heildar rekstrargjöld	2.376	2.445	-69	-2,8%	9.005	8.883	122	1,4%
EBITDA	978	817	161	19,7%	3.636	3.200	436	13,6%
EBITDA%	29,2%	25,1%	4,1%	16,4%	28,8%	26,5%	2,3%	8,6%
Afskriftir	(-552)	(-561)	9	-1,6%	(-2.021)	(-2.029)	8	-0,4%
Rekstrarhagnaður	426	256	170	66,3%	1.615	1.171	445	38,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(-208)	(-183)	-25	13,6%	(-943)	(-446)	-497	111,5%
Hagnaður v. sölu á hlutdeildarfyrt.	0	0	0	0,0%	0	0	0	0,0%
Tekjuskattur	(-43)	(-19)	-24	131,1%	(-133)	(-148)	15	-10,1%
Hagnaður tímabilsins	175	55	120	220,1%	539	577	-38	-6,5%

* Leiðrétt fyrir einskiptistekjum að upphæð 899 m.kr á árinu 2021 og kostnaði upp á 31 m.kr. sem komu til af sölu óvirkra innviða sem og tekjum upp á 250 m.kr. vegna sölu hlutdeildarfélags.

Heildar rekstrargjöld nema samtals 9.005 m.kr. og hækka um 1,4% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 6.458 m.kr. og lækkar um 28 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist fyrst og fremst af samdrætti í vörusölu sem hefur bein áhrif til lækkunar á kostnaði við vöruinnkaup og er sú lækkun meiri en hækkan þjónustukostnaðar á milli ára vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.710 m.kr. og lækka um 18 m.kr. sem nemur 1,1% og skýrist sú lækkun fyrst og fremst af gjaldfærslu vegna kaupréttar lykilstarfsmanna á fyrra ári. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 837 m.kr. og hækkar um 168 m.kr. sem nemur 25,1%. Inni í þeirri hækkan er gjaldfærður einskiptiskostnaður upp á 66 m.kr. vegna skráningar félagsins á aðalmarkað Nasdaq í júní. Leiðrétt fyrir þeim einskiptislið er hækkanin 102 m.kr. Sú hækkan skýrist af almennum hækkanum á verðlagi sem og nýjum kostnaðarliðum vegna skráningar félagsins á aðalmarkað.

EBITDA hækkaði um 13,6% frá fyrra ári og nam samtals 3.636 m.kr. á árinu. Ef leiðrétt er fyrir ofangreindum einskiptiskostnaði vegna skráningar félagsins á markað væri EBITDA vöxturinn 15,7% á milli ára. EBITDA hlutfall ársins 2022 er 28,8% samanborið við 26,5% á árinu 2021.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 38,0% og nam samtals 1.615 m.kr. samanborið við 1.175 m.kr. á fyrra ári. Hagnaður ársins var 539 milljónir og lækkar um 38 milljónir frá fyrra ári. Sú lækkun skýrist helst af hækkan fjármagnsgjalda m.a. vegna hækkanar á leiguskuldbindingum og mikillar verðbólgu á tímabilinu. Nánari skiptingu á kostnaði milli fjármagnsliða má sjá undir ársfjórðungsyfirliti í ársreikningnum.

Efnahagur

Fastafjármunir félagsins námu 19.989 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.148 m.kr. um áramót.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.782 m.kr. í lok tímabilsins en voru 5.154 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af lækkun annarra skammtímakrafna sem lækkuðu um 1.266 m.kr. eftir greiðslu frá mótaðila um miðjan febrúar, en einnig nýtti félagið sterka lausafjárstöðu og greiddi 1.100 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir í lok febrúar.

Eigið fé félagsins nam 9.053 m.kr. í lok tímabilsins en var 5.137 m.kr. um áramót. Í apríl var framkvæmd hlutafjánhækkun að virði 3.500 m.kr. þar sem 3.400 m.kr. voru nýttar til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins. Eiginfjárlutfall félagsins var 39,8% í lok tímabilsins í samanburði við 21,1% um áramót.

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptavild	10.049	10.049
Óefnislegar eignir	1.637	1.828
Rekstrarfjármunir	3.863	3.596
Leigueignir	4.060	3.269
Aðrar eignir	3	3
Tekjuskattsinneign	378	404
Fastafjármunir samtals	19.989	19.148
Birgðir	411	389
Viðskiptakröfur	1.145	1.044
Aðrar skammtímakröfur	562	1.541
Handbært fé	665	2.179
Veltufjármunir samtals	2.782	5.154
Eignir samtals.....	22.772	24.302
Eigið fé.....	9.053	5.137
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.304	6.738
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Leiguskuldbindingar	6.039	5.223
Aðrar skuldir	2.795	2.499
Langtímaskuldir samtals	11.138	14.460
Næsta árs afb. langtímaskulda	129	347
Viðskiptaskuldir	947	765
Ógreiddir skattar	254	1.288
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	224	169
Aðrar skammtímaskuldir	1.026	2.136
Skammtímaskuldir samtals	2.580	4.706
Skuldir samtals.....	13.718	19.165

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.138 m.kr. í lok tímabilsins en voru 14.460 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af ofangreindum innborgunum inn á vaxtaberandi skuldir að samtals 4.500 m.kr. frá áramótum til viðbótar við samningsbundnar afborganir.

Skammtímaskuldir félagsins námu 2.580 m.kr. í lok tímabilsins en voru 4.706 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist aðallega af lækkun á öðrum skammtímaskuldum upp á 1.266 m.kr. sem voru gerðar upp í febrúar samhliða greiðslu á skammtímaskröfu upp á sömu upphæð.

Sjóðstreymi

	2022	2021
Veltufé frá rekstri	3.637	3.592
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-69)	(-79)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-684)	(-498)
Greiddir skattar	(-1.161)	(-159)
Handbært fé frá rekstri	1.723	2.856
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-1.555)	(-1.185)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-308)	(-248)
Söluverð rekstrarfjármuna	3	5.408
Fjárfesting í dóttur- eða hlutdeildarfélagi	0	(-119)
Fjárfestingahreyfingar	(-1.860)	3.857
Breyting á hlutafé	3.395	(-5.643)
Afborgun leiguskuldbindinga	(-163)	(-116)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-39)	0
Aðrar langtímaskuldbindingar, ný lán	105	0
Afborganir langtímalána	(-4.679)	(-6.183)
Tekin ný langtímalán	0	7.211
Fjármögnunarhreyfingar	(-1.381)	(-4.731)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-1.518)	1.982
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	4	2
Handbært fé í upphafi tímabilsins	2.179	195
Handbært fé í lok tímabilsins	665	2.179

Veltufé frá rekstri nam 3.637 m.kr. á árinu 2022 í samanburði við 3.592 m.kr. á fyrra ári.

Handbært fé frá rekstri er 1.723 m.kr. og lækkar um 1.133 m.kr. frá fyrra ári, lækkunin skýrist af hærri skattgreiðslu og hærri vaxtagreiðslum á árinu miðað við fyrra ári. Fjárfestingahreyfingar námu 1.860 m.kr. í samanburði við jákvæðar fjárfestingahreyfingar á fyrra ári upp á 3.857 m.kr. vegna sölu á óvirkum innviðum. Fjármögnunarhreyfingar eru 1.389 m.kr. á tímabilinu í samanburði við 386 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrri helming þessa árs hafa verið greiddar 4.500 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir til viðbótar við samningsbundnar greiðslur, einnig var framkvæmd hlutafjárhækkun í apríl að heildar virði 3.500 m.kr.

Horfur fyrir árið 2023

Spá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.700 m.kr. til 4.100 m.kr. Áætlað er að heildar fjárfestingar verði um það bil 14%-15% af heildartekjum.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Þyngjan mun fjalla um uppgjörið og fara yfir þær spurningar sem brenna á fjárfestum og hluthöfum. Námskeið á vegum Akadémíás í úrlestri ársreikninga, þar sem m.a. ársreikningur Nova er rýndur, verður aðgengilegt öllum hluthöfum.

Á fjárfestavef Nova <https://www.nova.is/baksvids/fjarfestar> geta hluthafar, fjárfestar og talnanörddar nálgast ítarlegri upplýsingar um blómlega bisnessinn hjá Nova í sögulegu samhengi!

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fréttir beint á netfangið sitt. Hægt er að senda inn spurningar á fjarfestatengsl@nova.is en einnig er hægt að óska eftir fundi.

Fjárhagsdagatal 2023

Aðalfundur 2023	29. mars 2023
Árshlutauppgjör 1F 2023	2. maí 2023
Uppgjörspartý: Árshlutauppgjör 2F 2023	24. ágúst 2023
Árshlutauppgjör 3F 2023	26. október 2023
Uppgjörspartý: Ársuppgjör 2023	27. febrúar 2024
Aðalfundur 2024	21. mars 2024

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.
FastNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.
Vörusala	Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.
Aðrar tekjur	Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.